

Dómssátt sakadóms Kópavogs 19. ágúst 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 19. ágúst var sakadómur Kópavogs settur í skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af Jóni H. Haukssyni fulltrúa.

Fyrir var tekið: Kærumál nr. K-746/87. Rannsókn varðandi ætlað áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómari leggur fram: Nr. 1. lögregluskýrslu. Nr. 2 blóðtökuvottorð. Nr. 3 niðurstöðu alkóhólranssóknar. Nr. 4 sakavottorð. Nr. 5 yfirlit um sakar-kostnað. Skjölin fylgja.

Fyrir dómi er mættur kærði: Óttarr Proppé skrifstofumaður, Hraun-tungu 39, Kópavogi, fæddur 25. mars 1944 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar, að efni kærunnar (kæranna) sé rétt og kannast við ofan-greint brot sitt frá 26. apríl 1987.

Hann samþykkir að greiða kr. 32.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978 sbr. 1. mgr. 27. gr. sbr. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968.

Sektin greiðist fyrir 1. nóvember 1987, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Málkostnaður kr. 2.195,00 greiðist fyrir sama tíma.

Kærði var sviptur ökuleyfi 22. ágúst 1986.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Fimmtudaginn 17. september 1987.

Nr. 251/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Bryndísi Ólafsdóttur

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. ágúst 1987 sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Kópavogs hefur varnaraðila á dómþingi 1. september sl. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili því yfir að hún krefðist staðfestingar hinnar kærðu dómssáttar.

Lögreglumenn grunuðu varnaraðila um ölvun er þeir stöðvuðu hana við akstur bifreiðar 23. maí 1987. Var henni tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í blóði hennar vera 0,92‰. Varnaraðili er fædd 4. desember 1970 og hafði því ekki öðlast ökuskírteini sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1968. Ekki er í hinni kærðu sátt tekin afstaða til hvort varnaraðili skuli svipt rétti til að öðlast ökuleyfi, sbr. 2. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Kópavogs 20. ágúst 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 20. ágúst er dómþing sakadóms Kópavogs háð í skrifstofu bæjarfógeta af Jóni H. Haukssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um meinta ölvun við akstur og akstur án réttinda. K. 901/1987.

Dómarinn leggur fram: Nr. 1 skjalasskrá. Nr. 2 sakavottorð. Skjölin fylgja.

Nafn: Bryndís Ólafsdóttir, nnr. 1432-9625, nemi, Kársnesbraut 35, Kópavogi. Fæðingardagur: 4. desember 1970.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt frá 23.05.87.

Hann samþykkir að greiða kr. 12.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 25. gr. 2. sbr. 3. mgr. laga nr. 40/1968 sbr. 1. mgr. 27. gr. s.l. og 24. gr. 1. mgr. laga nr. 82/1969.

Sektin greiðist fyrir 15. sept. 1987 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 7 daga.

Málkostnaður kr. 2.844,00 greiðist fyrir sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot sbr. 71. gr. 1. nr. 19, 1940.⁶

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Mánudaginn 21. september 1987.

Nr. 260/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ómari Erni Grímssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. þ.m. er barst 16. þ.m., að því er ætla verður í því skyni að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. september 1987.

Ár 1987, sunnudaginn 13. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.